Hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar

Sjóðfélagafundur, 28. nóvember 2018

Davíð Rúdólfsson
Guðrún Inga Ingólfsdóttir

Ábyrgar fjárfestingar

Innsýn í innlendar fjárfestingar

Davíð Rúdólfsson

GILDI

Staða ábyrgra fjárfestinga á Íslandi

Innleiðingarferill**



- Íslenskir stofnanafjárfestar eru flestir í 1. þrepi skv. nýlegri könnun.*
  - Mikill áhugi og íslenskir fjárfestar eru jákvæðir gagnvart ábyrgum fjárfestingum.
- Iceland SIF (Sustainable Investment Forum) stofnað árið 2017 af 23 aðilum:
  - Meðlimir eru lífeyrissjóðir, bankar, tryggingafélög og aðrir eignastýringaraðilar (nú 25 aðilar).
  - Tilgangur er að fræða og auka samtal um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á Íslandi.
  - Gildi var einn af stofnmeðlimum samtakanna.

*Heimild: Kynning Hildar Sifjar Arnardóttur og Ninnu Stefánsdóttur á lokaverkefni til MS-gráðu í viðskiptafræði árið 2018, „Ábyrgar fjárfestingar hjá íslenskum stofnanafjárfestum“
**Heimild: Sama og að ofan, sjö þrepa innleiðingarferill ábyrgra fjárfestinga byggt á aðferðafræði Robeco, eignastýringaraðila sem hefur haft ábyrgar fjárfestingar að leiðarljósi í áratugi.

Ábyrgar fjárfestingar hjá Gildi

- Stefna um ábyrgar fjárfestingar sett árið 2017
  - Tekur til bæði innlendra og erlendra fjárfestinga
    - Hluthafastefna mótar og rammar inn stefnu í ábyrgum fjárfestingum á innlendum markaði þar sem Gildi er oft meðal stærstu fjárfesta
    - Höfum farið hægar í sakirnar á erlendum mörkuðum en sem komið er

- Hluthafastefna sett fyrst árið 2013 og hún uppfærð 2015
  - Tekin ákvörðun um virka þátttöku Gildis sem fjárfestis á innlendum hlutabréfamarkaði.
  - Áhersla lögð á stjórnarhætti.
  - Höfum beitt okkur á innlendum hlutabréfamarkaði
    - Úttekt á þátttöku fagfjárfesta á innlendum hlutabréfamarkaði sýnir að Gildi hefur verið með virkustu fjárfestum á innlendum markaði

Fréttablaðið, 1. okt 2018

Innlent

Flestar tillögur frá Gildi

Þau atriði sem íslenskir fagfjárfestar koma með tillögur um snúa helst að starfskjörum, starfskjarastefnum og endurkaupum. Á árinu 2018 hafi komið fram töluvert af ábendingum um tilnefningarnefndir frá fagfjárfestum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

Helgi Vífill Júlíusson
Mánudagur 1. október 2018
13.58 GMT

Deila



Fagfjárfestar hafa aukið hlutdeild sína verulega á hlutabréfamarkaði. Samhliða því orðið talsverð breyting á því hvernig þeir beita sér í stjórnum þessara hlutafélaga. Fréttablaðið/Sigtryggur Ari

Gildi hefur lagt fram 23 af 43 breytingartillögum við tillögur sem lagðar voru fram á hluthafafundum skráðra fyrirtækja í Kauphöll frá upphafi árs 2003 til 15. apríl 2018. Þetta kemur fram í grein Bjarna Magnússonar, sérfræðings í fjárhagslegu eftirliti Fjármálaeftirliti, sem birtist í nýbirtu riti FME.

„Megin niðurstaða þessa hluta rannsóknarinnar er að fagfjárfestar voru mun óvirkari á árunum fyrir hrun en þeir eru í dag. Þessir sömu fagfjárfestar hafa tekið þátt í því að endurreisa hlutabréfamarkaðinn á Íslandi. Segja má að kaflaskil hafi svo orðið í afskiptum þeirra frá og með árinu 2015. Gildi lífeyrissjóður, sem setti sér nýja hluthafastefnu það ár og fylgdi henni eftir með fjölda tillagna, var þar brautryðjandi," ritar Bjarni.

Úttekt á þátttöku fagfjárfesta á innlendum hlutabréfamarkaði

Tafla 2 – Fjárfestar sem komu með tillögur.

Fjárfestir	Fjöldi tillagna
Gildi	23
Eaton Vance	6
Óþekktur	5
Brú lífeyrissjóður	2
Sundagarðar	2
Afl Fjárfestingafélag	1
EFÍA	1
Íscap	1
Vilhjálmur Bjarnason	1
VR	1
Samtals	**43**

Tafla 3 –Tillögur eftir málefnum

Vegna	Fjöldi tillagna
Starfskjarastefnur	18
Endurkaup	14
Tilnefninganefnd	9
Yfirtaka	2
Margfeldiskosning	2
Endurskoðandi	1
Stjórnarlaun	1
Samþykktabreyting	1
Endurmat á eignakaupum	1
Ávöxtun hluthafa	1
Hluthafafundur	1
Samtals	**51**

Heimild: Grein eftir Bjarna Magnússon í tímaritinu Fjármálum, riti Fjármálaeftirlitsins. Greining byggir á meistararitgerð hans sem fjallar um hluthafastefnur íslenskra fagfjárfesta og framkvæmd þeirra á henni (sjá hér: https://skemman.is/handle/1946/31224).

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

GILDI

Hvað eru ábyrgar fjárfestingar?


Úr stefnu Gildis um ábyrgar fjárfestingar:

> "Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til **umhverfismála**, **félagslegra málefna** og **stjórnarhátta** í fjárfestingum. Gildi-lífeyrissjóður leggur sérstaka áherslu á stjórnarhætti og fjallar hluthafastefna sjóðsins um hvernig sjóðurinn beitir sér sem eigandi í því samhengi."

Þarna er vísað til ESG eða UFS á íslensku

- ESG: Environmental, Social and Governance
- UFS: Umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir

Hvað eru ábyrgar fjárfestingar?



"ESG" investment is hard to define and its returns are hard to measure

Heimild: The Economist

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Markar stefnu Gildis sem eiganda í þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í á sviði umhverfismála og félagslegra málefna.
- Grunngildi sjóðsins á sviði umhverfismála og félagslegra málefna byggja á grunngildum íslenska ríkisins, sem meðal annars birtast í ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga.
- Stefnan er höfð til hliðsjónar við ákvarðanir sjóðsins um einstakar fjárfestingar og eftirfylgni með fjárfestingum.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Gildi beitir sér sem eigandi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í.
- Sjóðurinn lætur umhverfismál og félagsleg málefni sig varða og lætur til sín taka ef atvik koma upp á þessum sviðum með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og stefnu þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í til umhverfismála og félagslegra málefna.

Markmið með ábyrgum fjárfestingum

Gildi er langtímafjárfestir með það meginmarkmið að hámarka lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

- Byggt á fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma.

Markmið með stefnu um ábyrgar fjárfestingar:

- Áréttað að tekið sé tillit til umhverfis- og félagslegra þátta að því marki sem það rúmast innan markmiðs um hámörkun lífeyrisréttinda (m.a. sjónarmið um kostnað).
- Litið svo á að tillit til þessarra þátta geti verið grundvöllur langtímaávöxtunar sjóðsins.

Framkvæmd gagnvart innlendum fyrirtækjum

Áhersla lögð á greinargóða og viðeigandi upplýsingagjöf félaga um umhverfismál og félagsleg málefni.

- Það sem er viðeigandi í rekstri viðkomandi félags.
- Vísað til upplýsingaskyldu skráðra félaga samkvæmt ársreikningalögum.
- Einnig horft til leiðbeininga sem Nasdaq OMX hefur gefið út um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Leiðbeiningar Nasdaq OMX um ófjárhagslega upplýsingagjöf fyrirtækja

Environmental (E)	Social (S)	Corporate Governance (G)
E1. Direct & Indirect GhG Emissions	S1. CEO Pay Ratio	G1 Board -Separation of Powers
E2. carbon Intensity	S2. Gender Pay Ratio	G2. Board -Transparent Practices
E3. Direct & Indirect Energy Consumption	S3. Employee Turnover Ratio	G3. Incentivized Pay
E4. Energy Intensity	S4. Gender Diversity	G4. Fair Labor Practices
E5. Primary Energy Source	S5. Temporary Worker Ratio	G5. Supplier Code of Conduct
E6. Renewable Energy Intensity	S6. Non-Discrimination Policy	G6. Ethics Code of Conduct
E7. Water Management	S7. Injury Rate	G7. Bribery/ Anti-Corruption Code
E8. Waste Management	S8. Global Health Policy	G8. Tax Transparency
E9. Environmental Policy	S9. Child & Forced Labor Policy	G9. Sustainability Report
E10. Environmental Impacts	S10. Human Rights Policy	G10. Other Framework Disclosures
	S11. Human Rights Violations	G11. External Validation Assurance
	S12. Board - Diversity	


Heimild: Nasdaq, ESG Reporting Guide

Framkvæmd gagnvart innlendum fyrirtækjum

Brot á sviði umhverfismála og félagslegra málefna:

- Tengist fyrirtæki broti á sviði umhverfismála og félagslegra málefna að áliti lögbærra yfirvalda er það markmið Gildis að beita sér sem eigandi þannig að látið verði af broti án tafar, sem og að reyna að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur.
- Beri slíkt ekki árangur mun sjóðurinn taka til skoðunar sölu á eignarhlut í heild eða hluta.
- Getur við viðvarandi eða ítrekuð brot útilokað einstakar fjárfestingar þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.
- Markmið að hafa uppbyggileg áhrif og útilokun aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Staða Íslands gagnvart umhverfis- og félagslegum þáttum er almennt góð



Heimild: Candriam ESG Country Report, sept. 2017

Staða Íslands gagnvart umhverfis- og félagslegum þáttum er almennt góð

DETAILED 2017 ESG COUNTRY SCORES

Country name	2017 Final country scores[1]	Delta 2016->2017	2017 Human Capital scores[2]	2017 Natural Capital scores[2]	2017 Social Capital scores[2]	2017 Economic Capital scores[2]
Sweden	100,00	~	72,58	72,77	77,83	67,44
Norway	93,85	~	72,06	67,69	78,30	61,27
Switzerland	90,31	▼	69,14	69,21	75,18	59,31
Iceland	89,32	~	66,70	66,55	74,21	63,55
Luxembourg	87,52	▲	63,24	63,59	73,97	66,92
Ireland	86,80	~	59,98	65,92	72,64	67,88
Denmark	86,35	~	68,32	66,68	77,12	53,47
Finland	86,35	~	68,85	69,44	75,88	51,42
Netherlands	85,75	~	67,79	57,71	75,78	63,19
Germany	85,62	~	67,97	63,08	71,42	61,77
Austria	82,90	~	69,09	67,64	72,56	49,95
Lithuania	81,71	▲	61,30	68,06	70,96	56,75
Estonia	81,47	~	61,98	64,12	70,53	60,01
Czech Republic	80,54	~	65,21	57,31	71,28	61,12
Malta	78,56	▲	59,66	63,61	65,16	62,87
Slovenia	77,97	~	62,52	61,56	68,75	57,39

Heimild: Candriam ESG Country Report, sept. 2017

Hluthafastefna Gildis


GILDI

Hluthafastefna Gildis

- Hluthafastefnan gildir um fjárfestingar sjóðsins í þeim skráðum félögum sem hann á verulegan eignarhlut í.
  - Litið til grundvallarsjónarmiða stefnunnar í öðrum fjárfestingum
  - Áherslur sjóðsins með tilliti til stjórnarhátta

- Markmiðið með hluthafastefnu
  - Að koma á framfæri áherslum Gildis sem hluthafa og að veita fyrirsjáanleika um það hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum.

Eign Gildis í skráðum innlendum félögum



Markmið Gildis sem eiganda

- Stefna Gildis standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga sjóðsins til lengri og skemmri tíma.
  - Sjóðurinn beitir sér sem eigandi í þeim tilgangi að stuðla að langtíma hagsmunum og sjálfbærni og góðum stjórnarháttum þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í.

- Góðir stjórnarhættir skilgreindir sem:
  - Stjórnarhættir samkvæmt lögum
  - Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands (NASDAQ Iceland) og Samtökum atvinnulífsins
  - Áherslur sjóðsins

Helstu efnistök hluthafastefnu

- Áhersla á fylgni við góða stjórnarhætti
- Upplýsingagjöf félaga
- Samskipti við stjórnir
- Ráðstöfun atkvæða við kosningu stjórnar
- Fjármagnsskipan félaga
- Heimildir stjórna félaga
- Kosning í stjórnir
- Samkeppnismál
- Starfskjarastefnur

Nýjar áherslur í uppfærðri stefnu

- Samkeppnismál
  - Sjóðurinn hvetur fyrirtæki til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum.
  - Sjóðurinn tekur ekki þátt í samhæfingu milli keppinauta eða að trúnaðarupplýsingar berist milli þeirra.
  - Áhersla er lögð á sjálfstæði stjórnarmanna í sínum störfum og að þeir gæti að sjálfstæði og hagsmunum viðkomandi félags.

Nýjar áherslur í uppfærðri stefnu

- Vel skilgreindar heimildir
  - Áhersla á að heimildir sem hluthafafundur veitir stjórn félags, s.s. um breytingu hlutafjár eða kaup eigin hlutabréfa, séu vel rökstuddar með tilliti til tilgangs, afmarkaðar og ekki umfangsmeiri en þörf er á miðað við aðstæður hverju sinni.

Nýjar áherslur í uppfærðri stefnu

- Fjármagnsskipan félaga
  - Afstaða sjóðsins að félög eigi reglulega að koma á framfæri stefnu sinni varðandi ákjósanlega fjármagnsskipan og fjármagnsþörf ásamt því að skýra arðgreiðslustefnu sína og stefnu varðandi aðra ráðstöfun fjármuna til hluthafa.
  - Það fjármagn sem ekki kemur að góðum notum við að viðhalda eða efla starfsemi og rekstur fyrirtækja með skilvirkum hætti skilað til hluthafa.
  - Æskilegt að arðgreiðslur, sem og aðrar greiðslur til hluthafa, stuðli að hagstæðri og viðeigandi fjármagnsskipan án þess að gengið sé nálægt fjárhagslegum styrkleika þeirra.

Nýjar áherslur í uppfærðri stefnu

- Gegnsæi við meðferð atkvæðisréttar
  - Gildi hefur undanfarin ár birt hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á aðalfundum skráðra félaga á heimasíðu sinni.
  - Liggur þannig fyrir hvernig sjóðurinn ráðstafar atkvæðum sínum við stjórnarkjör og við einstakar tillögur.
  - Markmið Gildis að veita upplýsingar um það hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum og yfirlitið sýnir síðan hvernig honum var beitt í reynd.

Framkvæmd hluthafastefnu



GILDI

Framkvæmd hluthafastefnu Gildis

Yfirlit yfir atkvæðagreiðslur og tillögur Gildis á hluthafafundum skráðra hlutafélaga á árinu 2018

- Hluthafafundur Eimskipafélags Íslands 24. júní
- Hluthafafundur VÍS 27. júní
- Hluthafafundur HB Granda 27. júní
- Hluthafafundur Eimskipafélags Íslands 6. september
- Hluthafafundur Regins 13. september
- Hluthafafundur VÍS 20. september
- Hluthafafundur N1 25. september
- Hluthafafundur HB Granda 16. október
- Hluthafafundur TM 25. október
- Hluthafafundur Sjóvá 26. október
- Hluthafafundur Reita fasteignafélags 31. október
- Hluthafafundur HB Granda 2. nóvember

Yfirlit yfir atkvæðagreiðslur og tillögur Gildis á aðalfundum skráðra hlutafélaga á árinu 2018

- Eimskipafélag Íslands

Framkvæmd hluthafastefnu



GILDI

Framkvæmd hluthafastefnu Gildis

Yfirlit yfir atkvæðagreiðslur og tillögur Gildis á hluthafafundum skráðra hlutafélaga á árinu 2018

- Hluthafafundur Eimskipafélags Íslands 24. júní
- Hluthafafundur VÍS 27. júní
- Hluthafafundur HB Granda 27. júní
- Hluthafafundur Eimskipafélags Íslands 6. september
- Hluthafafundur Regins 13. september
- Hluthafafundur VÍS 20. september
- Hluthafafundur N1 25. september
- Hluthafafundur HB Granda 16. október
- Hluthafafundur TM 25. október
- Hluthafafundur Sjóvá 26. október
- Hluthafafundur Reita fasteignafélags 31. október
- Hluthafafundur HB Granda 2. nóvember

Yfirlit yfir atkvæðagreiðslur og tillögur Gildis á aðalfundum skráðra hlutafélaga á árinu 2018

- Eimskipafélag Íslands

Framkvæmd hluthafastefnu

Reginn hf.
Aðalfundardagur: 14. mars 2018
Fundarstaður: Harpa, Austurbakka 2, Reykjavík

	Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1	Staðfesting ársreiknings	Stjórn	✓			
2	Ákvörðun um meðferð hagnaðar	Stjórn	✓			
3	Tillaga um starfskjarastefnu	Stjórn	✓			
4	Heimild til kaupa á eigin hlutum	Stjórn				Ekki lögð fram tillaga
5	Breyting á samþykktum	Stjórn				Ekki lögð fram tillaga
6	Kosning stjórnar					
	Albert Þór Jónsson		✓			
	Benedikt K. Kristjánsson					
	Bryndís Hrafnkelsdóttir		✓			
	Guðrún Tinna Ólafsdóttir		✓			
	Ólöf Hildur Pálsdóttir		✓			
	Tómas Kristjánsson		✓			
7	Kosning endurskoðanda	Stjórn	✓			
8	Þóknun til stjórnarmanna	Stjórn	✓			
9a	Breytingartillaga Gildis á tillögu um tilnefningarnefnd	Gildi	✓			
9b	Tillaga Eaton Vance Management um tilnefningarnefnd	Eaton Vance	✓			Samþykkt með breytingum Gildis

Leitum að áhugasömum aðilum í stjórnarsetu

Stjórnarseta

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs leitar að einstaklingum sem áhuga hafa á stjórnarsetu í hlutafélögum með stuðningi sjóðsins. Félögin geta verið skráð í Kauphöll eða óskráð hlutafélög. Gildi leitar að einstaklingum sem uppfylla almenn hæfisskilyrði laga og auk þess önnur skilyrði sem sjóðurinn setur í hverju tilviki og geta þau verið mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni.

Nafn *

Kennitala *

Símanúmer *

Netfang *

Menntun *

Ábyrgar fjárfestingar

Innsýn í erlendar fjárfestingar

Guðrún Inga Ingólfsdóttir

GILDI

Skilgreining og markmið ábyrgra fjárfestinga

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur skilgreint samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sem:
  - *„Ábyrgð fyrirtækja á áhrifum sínum á samfélagið“*
- Ábyrgar fjárfestingar eru fjárfestingaraðferðir sem taka mið af umhverfis (e. environmental) og félagslegum (e. social) þáttum og stjórnarháttum (e. governance) eða UFS (ESG) við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma.
- Markmið ábyrgra fjárfestinga eru markaðslegs eðlis.
  - Að bæta eignasöfn, auka arðsemi, minnka áhættu og/eða auka traust.

Heimild: Iceland SIF

Helstu þættir sem falla undir UFS

Umhverfisþættir (U)

- Loftslagsbreytingar
- Gróðurhúsalofttegundir
- Skerðing auðlinda, þar með talið vatns
- Úrgangur og mengun
- Eyðing skóga

Félagsþættir (F)

- Vinnuskilyrði, þ.m.t. þrælahald og barnavinna
- Átök
- Heilbrigði og öryggi
- Samskipti og tengsl fyrirtækis og starfsfólks
- Fjölbreytileiki innan vinnustaðar

Stjórnarhættir (S)

- Kjör stjórnenda
- Mútuþægni og spilling
- Starfsemi þrýstihópa
- Tengsl við stjórnmál
- Fjölbreytni og fyrirkomulag stjórnar
- Skattastefna

Heimild: Iceland SIF

Helstu aðferðir innan ábyrgra fjárfestinga (#1)

Fjárfestir er hlutlaus (beitir sér ekki sjálfur) en velur með „veskinu".

- **Jákvæð skimun** (e. positive screening) eftir ákveðnum þáttum eða eiginleikum
  - Fjárfest í fyrirtækjum sem uppfylla ákveðin UFS skilyrði sem sett eru af fjárfesti, t.d. ákveðin lágmarksskilyrði (e. norms based screening)
  - Þegar þessi aðferðafræði gengur lengst er aðeins fjárfest í fyrirtækjum sem eru fremst meðal jafningja (e. best in class)
- **Neikvæð skimun** (e. negative screening) eftir ákveðnum þáttum eða eiginleikum
  - Ekki fjárfest í fyrirtækjum sem brjóta ákveðin neikvæð UFS skilyrði
  - Þegar þessi aðferðafræði gengur lengst er útilokun beitt (e. elimination) á ákveðnar atvinnugreinar eða sérstök fyrirtæki, t.d. ekki fjárfest í fyrirtækum sem framleiða tóbak eða vopn
- **Sérval/þemafjárfesting** út frá UFS áherslum (e. selection/theme)
  - Fjárfest í fyrirtækjum sem hafa ákveðnar UFS áherslur
  - Þegar slík aðferðafræði gengur lengst er um að ræða beinar áhrifafjárfestingar (e. impact investing), þ.e. fjárfest í fyrirtækjum sem eru með fjárfestingarstefnu um t.d. hreina vatnsframleiðslu eða græna orku

Heimild: Iceland SIF og aðrir

Helstu aðferðir innan ábyrgra fjárfestinga (#2)


Fjárfestir beitir sér með virkum hætti eftir að hafa skimað eftir ákveðnum UFS eiginlegum.

- Beiting **gegnum eignarhald** (e. EGS shareholder activism)
  - Skilgreindir eru lykilþættir sem fjárfestir leggur áherslu á og fjárfest í fyrirtækjum sem uppfylla þá þætti og/eða þar sem von er á að fyrirtæki bæti sig og sé tilbúið að vinna með fjárfestum
  - Lykilþættir gjarnan tengdir stjórnarháttum
  - Innleiðing fer aðallega fram gegnum formleg samskipti á hluthafafundum.
- Beiting fyrir **innleiðingu UFS innan fyrirtækis** (e. EGS integration)
  - Skilgreindir eru helstu UFS þættir sem fjárfestir telur mikilvæga og fjárfest í fyrirtækjum sem uppfylla þá þætti og/eða lögð áhersla á þróun þeirra innan fyrirtækis
  - Lykilþættir gjarnan tengdir umhverfis- og félagslegum þáttum en geta einnig tengst stjórnarháttum
  - Innleiðing fer mikið til fram gegnum samtal (fundi) með stjórnendum um skilgreinda þætti og þróun þeirra innan fyrirtækis. Geta líka farið fram á hluthafafundum, þá með formlegum hætti gegnum tillögur eða fyrirspurnir

Heimild: Iceland SIF og aðrir

Nokkrir þjónustuaðilar fyrir UFS fjárfestingar

UFS viðmiðunarvísitölur



FTSE4Good

UFS vísitala sem nær aftur til ársins 2001. FTSE býður nú upp á margvíslegar UFS vísitölur.

MSCI

MSCI býður upp á 900 vísitölur með UFS tengingu.


UFS úttektaraðilar

MORNINGSTAR®

SUSTAINALYTICS

GLOBAL SUSTAINABILITY LEADERS INDEX

FTSE Russell





Heimild: FTSE Russell og MSCI

Núverandi stefna Gildis um ábyrgar fjárfestingar

Erlendar fjárfestingar

Sjóðurinn getur ákveðið að styðja aðgerðir annarra fjárfesta er snúa að umhverfismálum og félagslegum málefnum þegar atvik koma upp ásamt því að beita sér sjálfur ef eignarhald sjóðsins í viðkomandi fyrirtæki gefur tilefni til þess.

Kallað er eftir því hvort eignastýringaraðilar sjóða hafi sett sér stefnu í umhverfismálum og félagslegum málefnum áður en fjárfest er í viðkomandi sjóðum. Slíkar stefnur eru ekki skilyrði fjárfestingar í viðkomandi sjóði og fram fer mat á grundvelli heildarmarkmiða sjóðsins.

Núverandi verklag varðandi erlendar fjárfestingar

- Skimað er eftir umfangi og eðli stefnu er varðar umhverfiþætti, félagsþætti og stjórnarhætti (UFS) hjá erlendum eignastýringaraðilum
  - Við ákvörðun um nýjar fjárfestingar er UFS tekið sérstaklega fyrir
  - Höfum ekki selt eignir byggt á UFS sjónarmiðum enn sem komið er
  - Ekki hefur komið til þess að stutt sé sérstaklega við aðgerðir annarra fjárfesta er snúa að umhverfismálum eða félagslegum málefnum

Safn erlendra skráðra hlutabréfasjóða Gildis og UFS (#1)

Mikil vitundarvakning á mikilvægi UFS í sjóðstýringu

- Allir virkir hlutabréfasjóðir Gildis utan eins hafa sett sér UFS stefnu
  - Sumir sjóðir hafa notað UFS gildi við fjárfestingar í meira en 20 ár en aðrir skemur
  - Einn sjóður er enn án formlegrar UFS stefnu en hefur samt áherslur á því sviði, sérstaklega varðandi S hluta en einnig hina þættina
  - Virkir sjóðir beita allskyns aðferðum við innleiðingu UFS
    - Flestir sjá UFS sem leið til að minnka áhættu
    - Margir telja að innleiðing UFS leiði til traustari fjárfestinga

- Hlutabréfasjóðir á nýmörkuðum (e. emerging market)
    - Eru virkir í innleiðingu UFS gilda í sínum fjárfestingum
    - Einn sjóður sem Gildi er fjárfestur í hefur notað UFS viðmið árum saman við fjárfestingar

Safn erlendra skráðra hlutabréfasjóða Gildis og UFS (#2)

Mikil vitundarvakning um mikilvægi UFS í sjóðstýringu

- Vísitölusjóðir hafa innleitt æ fleiri UFS viðmið síðustu ár
  - Verulega auknar áherslur og aukin umsvif á þessu sviði
  - Þurfa að eiga hluti í fyrirtækjum eins og „markaðurinn“
    - Heimsvísitala hlutabréfa inniheldur fyrirtæki í vopnaframleiðslu (2,1% vísitölunnar) auk tóbaksframleiðslufyrirtækja og tengdra (0,8%)
    - Allir vísitölusjóðirnir eiga svipuð hlutföll og vísitalan (sumir minna) í vopna- og tóbaksframleiðendum eða tengdum félögum
  - Allir með svokölluð „Stewardship programs“ þar sem þeir beita eignarhlut sínum í þágu UFS gilda t.d. í atkvæðagreiðslum á hluthafafundum
- Klasasprengjur eru útilokaðar í öllum verðbréfasjóðum sem skráðir eru í Lúxemborg
  - Á bæði við um virka sjóði og vísitölusjóði sem þar eru skráðir

Sérhæfðir UFS verðbréfasjóðir

Vaxandi framboð sérhæfðra UFS verðbréfasjóða sem skilgreina sig/fjárfesta á ákveðinn hátt skv. UFS skilyrðum. Sjóðirnir nota mismunandi vinnulag til að uppfylla þessi skilyrði:

Hlutlaus beiting


- Neikvæð skimun (e. negative screening)
- Jákvæð skimun (e. positive screening)
- Fjárfest í fyrirtækjum sem eru fremst meðal jafningja (e. best in class)
- Sérval út frá UFS áherslum (e. selection)
- Útilokun (e. elimination)

Virk beiting


- Beita sér fyrir innleiðingu UFS innan fyrirtækis (e. EGS integration)
- Beita sér gegnum eignarhald (e. shareholder activism)
- Beinar áhrifafjárfestingar (e. impact investing)

Mikil aukning í framboði á UFS sjóðum, sérstaklega í Evrópu

Fjöldi UFS sjóða 30.6.2018



Eignir í stýringu UFS sjóða 30.6.2018



** Mat á AUM i Bandaríkjunum*

Eignastýringaraðilar sem bjóða sérhæfða UFS verðbréfsjóði

KLP storebrand NORTHERN TRUST HERMES INVESTMENT MANAGEMENT

Safn erlendra óskráðra hlutabréfasjóða Gildis og UFS

- Einnig mikil vitundarvakning um UFS í framtaks- fjárfestingasjóðum
  - Allir sjóðir sem Gildi hefur skuldbundið sig til fjárfestinga í undanfarin ár eru með formlega stefnu um UFS
  - Flestir sjóðirnir með sérstakan starfsmann/deild sem einblínir á UFS mál. Koma að fjárfestingarferlinu
  - Áhersla á alla þætti UFS
- Sjóðirnir hafa innleitt athugun á UFS málum í fjárfestingarferla sína
  - Beinar fjárfestingar, meðfjárfestingar, eftirmarkaðsfjárfestingar
  - Koma auga á mögulega áhættuþætti áður en fjárfest er
  - Starfa með stjórnendum fyrirtækja að breytingum ef með þarf
  - Fylgjast með þróun meðan haldið er á fjárfestingum

Safn erlendra skuldabréfa Gildis og UFS

Gildi leggur nú aukna áherslu á fjárfestingar í erlendum skuldabréfasjóðum

- Skuldabréfasjóðurinn Pimco hefur innleitt UFS þætti inn í sína greiningarvinnu á útgefendum sem hefur áhrif á lokaeinkunn fjárfestingar áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin
  - Pimco leggur mjög mikla áherslu á Stjórnarhætti (S) á heildina litið en innbyrðis vigt UFS þátta fer eftir tegundum útgefanda og er því ekki alltaf sú sama
  - Klasasprengjur eru með öllu útilokaðar í fjárfestingavali allra sjóða Pimco

- BlackRock hefur farið sömu leið í stýringu á hluta af skuldabréfasjóðum með einkunnargjöf útgefenda í greiningarvinnu
  - Hins vegar er hluti af sjóðaúrvalinu UFS sjóðir sem nýta neikvæða skimun.
  - BlackRock notar bæði utanaðkomandi gagnagrunna eins og MSCI ESG Research sem og eigin greiningu
  - Yfir 1.000 atriði tengd UFS koma til skoðunar hjá hverjum útgefanda

Áherslur fyrir ábyrgar fjárfestingar erlendis

- Erum að stíga fyrstu skrefin og móta stefnuna
  - Tekur tíma að gera UFS að virkum þætti í vali á fjárfestingum
- Mat á UFS þáttum við val á verðbréfasjóðum
  - Jafnfætis við aðra mikilvæga þætti í heildarmati
- Úttektir á verðbréfasjóðum, skráðum og óskráðum
  - Fyrir núverandi safn
  - Fyrir nýjar fjárfestingar
- Til skoðunar að fjárfesta hluta af heildarsafni í UFS sjóðum
  - Hlutabréfavísitölusjóðir með UFS áherslum
  - Sérhæfðir UFS sjóðir með mismunandi áherslur

GILDI